

**Fornskeljar við Nauteyri í Norður-  
Ísafjarðarsýslu**

**Árni Hjartarson**

**Greinargerð ÁH-80/04**

Til Sigríðar Friðriksdóttur á Náttúrufræðistofnun Íslands.

FORNSKELJAR VIÐ NAUTEYRI Í NORÐUR ÍSAFJARÐARSÝSLU

4. maí síðastliðinn var ég staddur á Nauteyri við Ísafjarðardjúp við athuganir vegna fyrirhugaðrar fiskiræktar. Þar rakst ég á forn-  
skeljar í sjávarbakka á stað sem ég hygg að ekki hafi verið skrá-  
ður sem skeljafundarstaður fyrr. Guðmundur Kjartansson merkir  
hann ekki á korti sínu af Norðvesturlandi og engan hef ég heyrt  
nefna þennan stað í þessu sambandi.

Rétt innan við kirkjuna á Nauteyri rennur smálækur í sjó. Eitt-  
hvað mun hann blandaður jarðhitavatni því hitastig hans var 9°C,  
en lækir voru yfirleitt 3-4°C þennan dag. Þó er þetta ekki aðal-  
lækurinn frá laugasvæðinu við Nauteyri. Innan við lækjarósinn  
sér í dökkgrátt sandsteinsvöluberg, lárétt lagskipt, um 3 m á  
þykkt og nær það alveg niður í sjó. Það hverfur undir lágan hjalla-  
ræfil við lækinn, 4 m háan. Mikið er um all vel varðveittar skel-  
jar og kuðunga í berginu. Ég hafði ekki tíma til að liggja neitt  
yfir þessu, en mest sýndist mér vera um krækling og öðu þarna  
en einnig þóttist ég geta greint hallleku og smyrsling.

Völuberg þetta virðist hafa mjög takmarkaða útbreiðslu, opnan er  
ekki nema um 30 m löng. Jarðhitinn gæti hafa átt þátt í því að  
líma setið og herða. Þess vegna tel ég að þrátt fyrir hörkuna sé  
það frá ísaldarlokum.

Skeljar munu finnast í fornum sjávarhjöllum víðar við Ísafjarðar-  
djúp. Ég hef t.d. heyrt talað um skeljabrot í hjöllunum innan  
við Langadalsá.

Arni Hjartarson

Meðfylgjandi: Þrjár sandsteinsmolar með skeljum og  
tvær litskyggjur.